

Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 64/1995.

Bogi Kristinsson

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Dalabyggð,

Saurbæjarhreppi

(Hákon Árnason hrl.) og

íslenska ríkinu

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.) og

Vátryggingafélagi Íslands til réttargæslu

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Örorka. Skóli. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1995. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu Dalabyggð, Saurbæjarhreppur og íslenska ríkið verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.785.000 krónur, með 7% ársvöxtum frá 2. janúar 1990 til 28. febrúar sama ár, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 31. mars sama ár, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 30. september sama ár, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember sama ár, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 12. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 27. febrúar 1995.

Stefndu Dalabyggð og Saurbæjarhreppur krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði stórlækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi íslenska ríkið krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýj-

anda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda eða af hans hálfu.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varð áfrýjandi fyrir slysi, sem leiddi til 10% varanlegrar örorku, þegar hann var að leik með bolta í sundlauginni að Laugum í Sælingsdal ásamt félaga sínum. Boltinn, sem var harður plastbolti álíka stór og fótbolti, fór út um op á glugga sundlaugarinnar. Opið var 35 cm á hæð. Félagi áfrýjanda fór út fyrir til þess að sækja boltann og kastaði honum utan frá að þessu þrönga gluggaopi. Boltinn lenti hins vegar fyrir ofan opið í stórri rúðu, sem brotnaði, og lentu glerbrotin á áfrýjanda, sem hafði klifrað upp að glugganum að innanverðu. Hér var um sérstakt tilvik að ræða, sem var í engum tengslum við starf það, sem ætlast var til, að fram færi í skólanum, og var hugsanlegur vanbúnaður gluggans ekki orsök slyssins. Ekki þykir heldur unnt að rekja slysið til ónógs eftirlits eða gæslu af hálfu skólans. Mátti áfrýjanda, sem var á 16. ári, og félaga hans, sem var 16 ára, vera ljós sú hætta, sem gat stafað af því, að bolta væri kastað í gluggann. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefndu sameiginlega málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bogi Kristinsson, greiði stefndu, Dalabyggð, Saurbæjarhreppi og íslenska ríkinu, sameiginlega 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Samkvæmt fram komnum gögnum um skólastarf að Laugum vor-
ið 1986 verður að telja ljóst, að þeir áfrýjandi og skólabróðir hans

hafi haft fullt leyfi til að fara einir í sundlaugina við skólann í þetta sinn. Hafi þeim einnig verið heimilt eftir atvikum að leika sér með þá bolta, sem skólinn átti þar og notaðir voru við kennslu í lauginni og tilheyrandi leiki. Fyrir liggur í því efni, að vegna dráttar á byggingu íþróttahúss á staðnum naut skólinn ekki eðlilegrar aðstöðu til að láta nemendur stunda knattleiki sem þátt í náminu eða utan þess, svo sem blak eða körfubolta. Hafði íþróttakennari skólans haft forgöngu um það haustið áður, að þetta yrði gert í lauginni. Var sú tilhögun viðhöfð, án þess að búnaði laugarinnar eða eftirliti þar væri breytt með tilliti til hennar.

Sundlaugarbyggingin var meira en hálfrar aldar gömul og einföld að gerð. Við blasir, að frágangur hennar og búnaður var ófullnægjandi miðað við það íþróttastarf, sem halda bar uppi við skólann eftir lögum og venju. Meðal annars voru glergluggar á laugarhúsinu óvarðir fyrir ákomum utan eða innan frá, þótt hið síðara væri brýnt vegna fyrrgreindra nota laugarinnar. Gluggarammi sá, sem bolti drengjanna fór út um, var og ekki opinn vegna þess, að hann væri opnanlegur, heldur var hann látinn vera rúðulaus til að bæta loft-ræstingu í húsinu, og virðist frágangur fleiri glugga hafa verið á sama veg. Slys áfrýjanda var bein afleiðing þeirrar ráðstöfunar, sem var athugaverð öryggis og annars vegna.

Slysið var þannig í senn tengt ástandi skólamannvirkjanna og skipulagi skólastarfsins. Verður að líta svo á með vísan til þágildandi laga nr. 63/1974 um grunnskóla, að ríkið beri á því skaðabóta-ábyrgð ásamt sveitarfélögum þeim, sem stóðu að skólahaldinu. Áfrýjanda mátti vera ljós sú hætta, sem var samfara uppátæki félaga hans. Líta verður á það sem þátt í leik þeirra beggja, þannig að ábyrgð á slysinu falli að hluta á áfrýjanda sjálfan. Er rétt eftir atvikum, að hann beri tjón sitt að hálfu, en stefndu bæti honum það óskipt að hálfu, auk þess að greiða vexti af bótunum og hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Um þá hlið málsins eru þó ekki efni til að fjalla nánar. Ég er sammála öðrum dómendum um ákvörðun gjafsóknarkostnaðar.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 1. desember 1994.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. nóvember sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 23. febrúar 1994, af Boga Kristinssyni, kt. 080870-5669, Langholtsvegi 7, Reykjavík, á hendur Laxárdalshreppi, kt. 420269-1969, Miðbraut 11, Búðardal, Saurbæjarhreppi, kt. 520269-3319, Þurranesi, Saurbæjarhreppi, Suðurdalahreppi, kt. 410192-2099, Geirshlíð, Suðurdalshreppi, Haukadalshreppi, kt. 600169-1819, Köldukinn, Haukadalshreppi, Hvammshreppi, kt. 650169-4929, Hofakri, Hvammshreppi, Fellsstrandarhreppi, kt. 530169-3409, Stóru-Tungu, Fellsstrandarhreppi, Skarðshreppi, kt. 580269-4869, Skarði, Skarðshreppi, allir í Dalasýslu, Ólafi G. Einarssyni, kt. 070732-2629, Stekkjarflöt 14, Garðabæ, menntamálaráðherra f. h. íslenska ríkisins og Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Laxárdalshreppur, Saurbæjarhreppur, Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Skarðshreppur og íslenska ríkið verði in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 1.785.000 kr., með 7,0% ársvöxtum frá 2. 1. 1990 til 28. 2. 1990, með 5,0% frá þeim degi til 31. mars 1990, með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu Vátryggingafélag Íslands hf., Laxárdalshreppur, Saurbæjarhreppur, Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Fellsstrandarhreppur og Skarðshreppur krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Stefndu gera varakröfu um verulega lækkun dómkrafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Stefndi menntamálaráðherra f. h. íslenska ríkisins krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins. Til vara er gerð krafa um verulega lækkun á dómkröfum og að málskostnaður verði látinn falla niður.

II.

Hrepparnir Laxárdalshreppur, Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur og Skarðshreppur hafa sameinast í eitt sveitarfélag, Dalabyggð, eftir að mál þetta var höfðað, og hefur hið nýja sveitarfélag tekið við rekstri málsins af þeim.

III.

Málavextir eru þeir, að 9. apríl 1986 varð stefnandi fyrir slysi í sundlaug að Laugum, Dalasýslu, sem grunnskólinn að Laugum nýtti, meðan skólastarf stóð yfir.

Stefnandi kveður tildrög slyssins vera þau, að stefnandi hafi ásamt bekkjarfélaga sínum, Hálfdáni Kristinssyni, fengið leyfi til að fara í sund, skömmu áður en sundkennsla átti að hefjast eftir hádegishlé. Þeir hafi leikið sér með léttan bolta, sem notaður hafi verið í sundlauginni, og hafi boltinn lent út um opinn glugga í sundlaugarhúsinu og út á lóð sundlaugarinnar. Stefnandi kveðst þá hafa farið upp á rör, sem haft hafi verið sem handfesta í lauginni, og teygt sig í gluggann til að athuga með boltann. Félagi sinn hafi hins vegar hlaupið út á lóð til þess að sækja boltann og ætlað að kasta boltanum inn til stefnanda í gegnum opna gluggann. Boltinn hafi hins vegar lent í rúðunni fyrir ofan gluggann með þeim afleiðingum, að rúðan hafi brotnað og stefnandi fengið glerbrot yfir sig, aðallega í enni og fætur.

Stefnandi kveðst hafa fengið djúpa skurði á báða fætur. Hafi skurður á hægra fæti verið mun dýpri og réttisin í stóru tá farið í sundur. Stefnandi hafi þegar verið sendur á sjúkrahúsið í Stykkishólmi til aðgerðar og þar verið gert að meiðslum hans. En sinin hafi slitnað að nýju, nokkru eftir að stefnandi hafi verið tekinn úr gífsinu, og þá verið gerð ný aðgerð.

Stefnandi kveðst hafa leitað til Stefáns Carlssonar læknis í byrjun apríl 1987 vegna óþæginda í fætinum, og um miðjan þann mánuð hafi verið gerð ný aðgerð á fætinum.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur hinum stefndu sveitarfélögum á því, að þau beri óskipta ábyrgð á rekstri skólans, er slysið varð, þar á meðal á skólahúsnæði því, er skólinn hafði til afnota að Laugum. Meðal skólahúsnæðis hafi verið sundlaugarhús það, sem tilgreint slys hafi orðið í. Skólanefnd, kjörin af sveitarfélögunum, beri að hafa eftirlit með, að húsnæði það, sem notað sé í þágu skóla, sé í því ástandi, að það fullnægi lögum og reglugerðum og af því stafi ekki slysaætta fyrir nemendur.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefnda ríkinu því í fyrsta lagi, að skólastjóra beri að hafa eftirlit með húsnæði, sem notað sé af hálfu skólans; þar á meðal beri honum að sjá til þess, að slysaætta stafi ekki af húsnæði, sem skólinn hafi til afnota, og að nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum sé sinnt. Stefnandi heldur því og fram, að meta megir það kennara til sakar, sem leyfði stefnanda og félaga hans að vera án nokkurs eftirlits í sundlauginni, þegar slysið varð. Vísar stefnandi til þess, að ríkið og sveitarfélögin beri ábyrgð á því, að fullnægjandi gæsla og eftirlit sé með nemendum utan hefðbundinna kennslustunda, enda greiði sveitarfélögin og ríkið kennurum laun fyrir gæslu. Bæði skólastjóri og kennarar séu starfsmenn ríkisins, sem ríkið beri húsbóndaábyrgð á, en auk þess beri sveitarfélögin húsbóndaábyrgð varðandi gæslu.

Stefnandi skírskotar til þess, að þeim, sem hafi borið ábyrgð á rekstri skólahúsnaðisins, hafi mátt vera ljós sú hætta, er stafaði af umbúnaði glugga í sundlaugarhúsnaðinu. Um hafi verið að ræða einfalt óvarið gler, sem hafi brotnað við það, að léttum bolta hafi verið kastað í það. Óforsvaranlegt sé að vera með óvarið einfalt gler í gluggum í sundlaugum, þar sem skólastarfsemi fari fram og búast megi við, að verið sé með bolta og aðra hluti til að kasta bæði innan húss og utan. Sérstaklega eigi þetta við, þar sem aðstæður séu eins og hér um ræði, þar sem sundlaugin nái alveg út í vegg og gluggar séu þannig, að ljóst megi vera, ef rúða brotni utan frá, að glerbrotin lendi í sundlauginni.

— — —

Stefndi menntamálaráðherra f. h. íslenska ríkisins reisir sýknukröfu sína á því, að slysið hafi ekki orðið af neinum atvikum, er ríkið beri skaðabóta-ábyrgð á. Rekstur og viðhald skólahúsnaðis sé í verkahring meðstefndu, sbr. 79. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974. Skólanefnd, sem kosin sé af sveitarstjórnnum, skuli sjá til þess, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnaði o. fl., sbr. 5. mgr. 19. gr. l. nr. 63/1974.

Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga starfi skólastjórar undir yfirstjórn m. a. menntamálaráðuneytisins og skólanefndar, þ. e. ríkisins og sveitarfélaganna. Sum verkefni séu falin skólastjóra f. h. sveitarfélaganna. Samkvæmt 6. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976 beri skólastjórum í samráði við skólanefnd að sjá um, að uppfylltar séu kröfur í lögum og reglugerðum, að því er varði allan nauðsynlegan aðbúnað skóla. Verkefni, sem í lögum séu bundin við sveitarfélög, geti aldrei verið á ábyrgð ríkisins af því einu, að ríkið greiði skólastjóra laun vegna stjórnunar skólastarfs, en vegna setu á skólanefndarfundum hafi skólastjórinn fengið laun úr sveitar-sjóði.

Stefndi menntamálaráðherra heldur því fram, ef talið verði, að viðbúnaður og aðbúnaður byggingarinnar sé á ábyrgð ríkisins, að aðbúnaður hafi verið fullnægjandi og engin þörf verið á því að hafa annað en einfalt gler í glugganum. Félagi stefnda, Hálfðán Kristinsson, hljóti að hafa kastað boltanum af afli, þar sem tilgangurinn hafi verið að kasta boltanum inn um opinn gluggann og inn í sundlaugarbygginguna.

Stefndi menntamálaráðherra hafnar því, að kennari sem ríkisstarfsmaður hafi sýnt af sér sök. Bréf skólastjóra, dagsett 16. mars sl., beri með sér, að gæslan sé greidd af sveitarfélögunum. Óupplýst sé í málinu, hver hafi leyft stefnanda og Hálfðáni að fara í sundlaugina, og þar með, að þeir hafi haft til þess leyfi. Verði talið, að kennari sem ríkisstarfsmaður beri einhverja ábyrgð, heldur stefnandi því fram, að ekki þurfi að hafa eftirlit með tæplega

16 ára unglingum í sundlauginni. Engin ástæða hafi verið til þess að hafa mann yfir þeim, meðan þeir léku sér í lauginni, enda hefði það aldrei komið í veg fyrir, að Hálf dán kastaði boltanum í gluggann utan frá.

Atvikið sé ef til vill hægt að meta sem „óhappatilviljun“. Ef aftur á móti verði talið, að einhver beri ábyrgð í málinu, hljóti það að vera sá, sem braut rúðuna, og jafnframt stórfellt gáleysi stefnanda sjálfs.

Stefndi Dalabyggð og Saurbæjarhreppur reisa kröfu sína um sýknu á því, að það sé meginregla íslensks skaðabótaréttar, að eigendur og umráðamenn fasteigna verði ekki skaðabótaskyldir vegna slysa, sem verða í eða við fasteignir þeirra, nema slysið verði rakið til sakar húseigenda eða starfsmanna þeirra. Grundvöllur ábyrgðar samkvæmt almennu skaðabótareglunni sé sök tjónvalds, og þegar um ábyrgð húseigenda sé að tefla, þurfi að sýna fram á, að umbúnaður fasteignarinnar sé saknæmur og sé orsök tjónsins. Stefndandi þurfi því að sýna fram á, að frágangur á glugga og rúður í sundlauginni á Laugum séu svo ófullnægjandi, að það verði metið til sakar rekstraraðila hússins að láta slíkt viðgangast og slysið megi rekja til þess vanbúnaðar, en önnur utanaðkomandi atvik húseigenda hafi ekki valdið því, að rúðan brotnaði, sem olli slysi stefnanda.

Þegar sök sé metin, er deila snýst um frágang fasteignar, sé nærtækast að líta til þess, hvort byggingarreglugerð geymi ákvæði um frágang glugga og glers í húsum.

Stefndandi hafi ekki sýnt fram á, að frágangur umræddra glugga í sundlauginni hafi ekki verið í samræmi við þær reglur, sem giltu, þegar slysið varð. Ekki verði séð af þeim dómum, sem fallið hafa vegna umbúðar skólahúsa, að ríkari kröfur séu gerðar til umbúðar skólahúsa en annarra húsa.

Tjónið hafi orðið, þegar bolta var kastað í rúðu í glugga sundlaugarinnar. Gáleysið, sem tjóninu olli, hafi verið piltsins, sem kastaði boltanum. Stefndu telja, að ekki verði lögð svo rík skylda á þá, sem reka sundlaugar, hvort sem þær eru í skóla eða annars staðar, að gluggar í sundlaugarhúsinu séu óbrjótandi. Ekki séu nein slík ákvæði í byggingarreglugerð. Verði óhapp vegna þess, að rúða brotni, beri sá, sem rúðuna braut, skaðabótábyrgð á tjóni, er af hljótist.

V.

Samkvæmt lögum nr. 63/1974 reka ríki og sveitarfélög grunnskóla í sam-einingu. Engin glögg ákvæði eru í lögum um skiptingu ábyrgðar á tjóni, sem

menn verða fyrir í grunnskólum eða leiðir af rekstri þeirra. Ber því að líta svo á, að ríki og sveitarfélög beri óskipta ábyrgð á bótaskyldu tjóni, sem menn verða fyrir í grunnskólum landsins. Varnir stefnda íslenska ríkisins, er byggjast á aðildarskorti, eru því ekki teknar til greina.

Eins og fram hefur komið, varð slys stefnanda með þeim hætti, að félagi hans kastaði bolta inn um op á glugga sundlaugarinnar með þeim afleiðingum, að glerið í glugganum brotnaði og olli slysi stefnanda. Einfalt gler var í gluggum sundlaugarbyggingarinnar, og hefur stefnandi ekki sýnt fram á annað en það hafi fullnægt byggingarreglugerðum.

Fallast ber á með stefnanda, að gæta beri ýtrasta öryggis í skólum til þess að vernda nemendur fyrir slysaþættu.

Af framburði kennara og skólastjóra grunnskólans að Laugum er ekki ljóst, hvort eða hver veitti stefnanda og félaga hans leyfi til þess að fara í sundlaugina. Af framburði þeirra kemur þó fram, að eldri nemendum skólans var oft veitt leyfi til þess að fara í sund án eftirlits utan kennslu. Jafnframt kom fram, að nemendur höfðu aðgang að boltum í sundlauginni, sem útvegaðir höfðu verið til sundknattleiks í lauginni.

Eins og atvikum slyssins var háttað, telur dómurinn, að um óhappatilvik hafi verið að ræða, er annar piltanna kastaði bolta utan af lóð sundlaugarinnar í glugga, sem brotnaði. Ekki verður á það fallist, að skort hafi á gæslu, enda verður að telja með hliðsjón af aldri piltanna, að þeim hafi mátt vera ljós sú hætta, sem gat stafað af því, að henda bolta í glerrúðu.

Slysið verður því eingöngu rakið til óhappatilviks.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Engar kröfur eru gerðar á hendur Vátryggingafélagi Íslands, en því eingöngu stefnt til réttargæslu. Sýknukrafa þessa stefnda á því ekki við í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 192.285 kr., greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun lögmanns hans, Kristins Bjarnasonar hdl., 130.000 kr., en tölulegur ágreiningur er ekki um útlagðan kostnað.

Ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Hervör Porvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu íslenska ríkið, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Boga Kristinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

2465

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 192.285 kr., greiðist úr ríkissjóði,
þ. m. t. málsvarnarlaun lögmanns hans, Kristins Bjarnasonar hdl.,
130.000 kr.
